

## Prestastefna Íslands 2009

### Setningaræða biskups

„...því að Drottinn er góður, miskunn hans varir að eilífu og trúfesti hans frá kyni til kyns.“

Biskupar, prestar, djáknar og allir góðir gestir. Verið velkomin til prestastefnu 2009. Ég þakka messuna hér í Kópavogskirkju áðan. Ég þakka prédikun séra Ástu Ingibjargar Pétursdóttur, sóknarprests, sem er yngst presta landsins að vígslualdri. Þeim séra Gísla Jónassyni, prófasti og séra Ægi Fr. Sigurgeirssyni, sóknarpresti Kársnessprestakalls, og séra Bryndísi Möllu Elífdóttur, héraðspresti, og Ragnhildi Ásgeirsdóttur, djákna, þakka ég helga þjónustu orðs og sakramenta. Birni Steinari Sólbergssyni, organista, þakka ég orgelleik og forsöng. Bæjarstjórn og bæjarstjóra Kópavogs, Gunnari I. Birgissyni, þakka ég gestrisni og góðar móttökur í Gerðarsafni og að leggja prestastefnu til fundaraðstöðu í Salnum. Ég þakka Þórunni Björnsdóttur og kórfélögum Skólakórs Kársness fyrir að prýða stundina í Gerðarsafni með framkomu sinni og söng. Ég þakka sóknarpresti og forráðamönnum Kópavogskirkju fyrir gestrisni alla, gott verður að fá að eiga aðstöðu á synodus að þessu sinni í nýju safnaðarheimili sóknarinnar.

Ég þakka starfsfólki Biskupsstofu sem annast hefur undirbúning Prestastefnu af alúð og festu, eins og fyrr. Vígslubiskupum séra Sigurði Sigurðarsyni og séra Jóni A. Baldvinsyni þakka ég samstarf allt. Prestum og djáknum öllum, sem borið hafa hita og þunga starfsdagsins á akri Guðs kristni þakka ég trúmennsku og samviskusemi, alúð og kærleika allan.

Þeim systkinum okkar sem eiga við sjúkdóma, sorgir og áföll að stríða sendum við hugheilar kveðjur og biðjum þeim blessunar Guðs.

### Heilsað og kvatt

Í messunni voru þau nefnd sem bættust í fylkingu hinnar vígðu þjónustu kirkjunnar og eins þau sem kvöddu. Á synodusárinu hlutu níu kandidatar prestsvígslu, fimm konur og fjórir karlar. Einn djákni var og vígður. Við fögnum þeim og gleðjumst yfir þeim í fylkingu hinna vígðu þjóna í kirkju landsins. Fjórir prestar hlutu lausn frá embætti fyrir aldurs sakir. Þjóðkirkjan þakkar þeim öllum trúa þjónustu og biður þeim blessunar.

Fjórir kennimenn og ein prestskona gengu inn í helgidóminn á hinnum. Þau eru kvödd með hugheilli þökk fyrir það sem þau létu Guðs kirkju í té sem ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs. Þau eru: Séra Birgir Snæbjörnsson, séra Bragi Benediktsson, séra Kristján Róbertsson og dr. Sigurbjörn Einarsson. Og prestskonan, frú Sigríður Ingibjörg Eyjólfsdóttir.

Þau öll felum við góðum Guði í djúpri virðingu, þökk og kærleika, og sendum aðstandendum hlýja samúðarkveðju. Rísum úr sætum og lútum höfðum í hljóðri bæn.

*Veit þeim, Drottinn, þína eilífu hvíld og lát þitt eilífa ljós lýsa þeim. Þau hvíli í þínum friði. Í Jesú nafni. Amen*

## Helgiganga

Við gengum til Kópavogskirkju í upphafi Prestastefnu. Vígðir þjónar kirkju Krists gengu fylktu liði í prósessíu eins og hefðin býður. Hvers vegna gerum við það? Ýmsum finnst prósessían á Prestastefnu furðulegt fyrirbæri. Ég skil það mæta vel. Ég gerði tilhlaup til að afnema þennan sið, en hef þó farið að meta hann æ meir. Skoðum aðeins merkingu hans.

Þegar við göngum í fylkingu til kirkju þá er það iðkun, táknræn, myndræn áminning, ekki einhverra yfirburða, valda og sérréttinda. Nei. Iðkun skiptir máli, táknræn athöfn skiptir máli, hún segir sögu, markar leið, bregður upp mynd fyrir líkams og hugarsjónum. Mótmælin á Austurvelli – búsáhaldabyltingin- minnir okkur á hve iðkun og athöfn skiptir gríðarmiklu máli.

Allar okkar prósessíur, smáar sem stórar í kirkjunni, inn til messu, eða út, eru tákn þess að við erum fólk á ferð, á leið að marki. Og pílagramagöngur sem unnið hafa sér sess sem þáttur í lífi kirkjunnar. Við erum pílagramar á leið fram fyrir auglit Drottins. Hann vill draga alla til sín, mannkyn allt, heiminn allan. Prósessían segir: *Komdu með! Fylgjumst að á vegi vonarinnar!* Þetta þarf heimurinn að sjá og heyra. Mannkyn, sem æ meir spyr sig hvort yfirleitt sé nokkur meaning, tilgangur með lífinu, hvort við vogum að vona. Jú, við eigum framtíð, sameiginlega framtíð, og getum saman lagt okkar að mörkum til að móta hana, bæta lífið, fegra, efla. Vegna þess að Guð er að verki í heiminum okkar í frelsaranum Jesú Kristi. Leiðin liggur fram fyrir auglit hans. Hún á sér viðkomustað, sem er Guðs hús, og þaðan út í heiminn með blessun hans og náð.“

## Líkami Krists

Kópavogskirkja er tákn Kópavogsbæjar og mikilvægt leiðarmerki, eins og kirkjurnar víða um land, í hverri byggð og bæ.

Altarismyndin hér, sem Steinunn Þórarinsdóttir, myndhöggvari, gerði er afar sérstæð. Það er sem Kristur sé á leið hér inn gegnum vegginn. Mynd hans er ógreinileg, við sjáum andlit, hendur og fætur, en útlínur líkamans eru markaðar með ljósgeisla einum saman. Jesús er vissulega oft sem óljós mynd í samtíð okkar. Hvað er það sem fær hina óljósu mynd til að stíga fram, hvað gerir mynd Jesú Krists ljósa í heimi okkar og samtíð? Hvað greiðir áhrifum hans, birtu, anda og áhrifum veg?

Líkami Krists er kirkjan hans, það fólk sem hann hefur helgað sér og lífi sínu, ljósi og framtíð. „Við erum bréf Krists“ segir postulinn (2.Kor.3.3). Og í niðurlagi Jóhannesarguðspjalls segir: „En margt er það annað sem Jesús gerði og yrði það hvað eina upp skrifað ætla ég að öll veröldin mundi ekki rúma þær bækur sem þá yrðu ritaðar.“ (Jóh. 21.25) Sérhvertt okkar, sérhver helgidómur, embætti og iðkun er bréf, bók, staður, líf, þar sem Guð birtir son sinn. En opinberun Guðs geymir svo miklu meir en það sem hvert og eitt þessa megnar að birta. Þess vegna þurfum við á því öllu að halda. Þessvegna þörfumst við hvers annars, til að mynd Jesú Krists verði skýr. Hvar hefur þú séð, hvar og í hverjum hefurðu þekkt Son Guðs, Jesú guðspjallanna? Hvar hef ég séð hvað kirkjunni er ætlað að vera? Það er mikilvægt að skoða hug sinn andspænis þeirri spurningu í ljósi guðspjallanna. Þar sjáum við að þrennt er það sem einkum kemur í ljós

þar sem Jesús er og mætir jarðarbörnum. Þar er *lækning*, og þar er *fyrirgefning*, og loks er þar *von* um nýja framtíð.

### **Góðvildin, þakklætið, kærleikurinn**

Þjóðarpúls sýnir minnkandi traust á Þjóðkirkjunni. Það ætti ekki að koma á óvart, á tímum þegar traust á opinberum stofnunum hefur hrunið. En traust á góðu fólki hefur ekki beðið hnekki! Við þekkjum, Guði sé lof, slíkt fólk, hvaða titil svo sem það ber, hvaða verk því er falið að inna af hendi, fólk sem hefur auðsýnt fyrirgefningu og stuðlað að lækningu og líkn, fólk sem hefur vakið von og trú á framtíðina. Það er vísbending um að Guð er að verki, að ríki hans er og vilji hans verður. *Þökkum Guði fyrir það fólk, og leitumst við að vera slíkar manneskjur, samfélag og kirkja!*

Þakklætið og bænin er grundvöllur þess að byggja á traust og þrótt til starfa og þjónustu. Að byrja með því að þakka er að leggja til hliðar óttann og kvíðann og óvissuna og meta það sem maður hefur þegið.

Hér í kirkjunni á holtinu er sem Kristur komi gegnum vegginn. Oft rekst hann á veggi, og það einnig innan sinnar hjarðar. Ídulega er sem áhrif hins góða, sanna, fagra og bjarta, rekist á rammbýggða, járnþenta múra fyrirvara, fordóma, kaldhæðni og vantrúar. Jesús Kristur kemst gegnum luktur dyr og rammgerða múra, en hann ryðst ekki inn á lokuð hjörtu. Af því að hann er kærleikur. Það eina sem kærleikanum er um megn er að þvinga. Hann stendur við dyrnar og knýr á. Hann knýr á dyr hjarta þíns og bíður þess að þú ljúkir upp svo hann komist að með lækning sína, fyrirgefningu og von. Guði sé lof fyrir allar góðar hefðir sem bera óm af því inn til okkar.

### **Hvar er kirkjan í kreppunni?**

Íslendingar horfa á ókleifa múra vandkvæðanna. Hvað má rjúfa þá múra og vekja von og trú? Að ýmsu leyti hefur okkur liðið eins og sá sem kveinar í 74. Davíðssálmi: „Vér sáum ekki táknið sem oss voru ætluð, þar er enginn spámaður frammar, enginn meðal vor veit hve lengi þetta varir.“ (Sl.74.9)

Mörgum finnst mynd kirkjunnar ógreinileg og rödd hennar lágróma. Spurt er: Hvað er kirkjan að gera í kreppunni? Af hverju tala prestarnir ekki skýrar? Af hverju segir biskupinn ekkert? Stundum kemur mér þá í hug sagan um gömlu konuna sem var að koma úr messu hjá séra Friðrik Hallgrímssyni í Dómkirkjunni, þetta var skömmu eftir að stríðið skall á, og hún sagði andagtug: „Það vildi ég að hann Hitler hefði heyrt það, sem hann séra Friðrik sagði í dag. Þá hefði hann áreiðanlega ekki farið í stríðið!“

Kristnin hefur engan ódýran og einfaldan vegvísi út úr kreppunni. En hún hefur sögu að segja. Kjarni þeirrar sögu eru atburðir bænadaga og páska, frá loftsalmum að gröfinni á páskadagsmorgni. Kirkjan varð til í kreppu vonleysis og örvæntingar. Upprifjun og iðkun þeirrar sögu gefur okkur þrek og hugrekki og von. Þar birtast og gildi, dyggðir og framtíðarsýn sem við þurfum öll á að halda. „Von er ekki sannfæring um það að allt fari að óskum, heldur vissan um að það sé meaning að baki hvernig svo sem allt fer,“ sagði Vaclav Havel. Íslenska þjóðin stendur andspænis gagngeru endurmati verðmæta, ekki aðeins bankanna, gamalla og nýrra, heldur þeirra grundvallargilda sem

samfélagið byggir á og varðað geti veg einstaklinga, heimila og þjóðar til heilla. Það eru hin kristnu gildi og dyggðir umfram allt, sem eiga sér liðsmann í hverju hjarta. Því þær eru í samhljóm við allt það fegursta og besta sem mannkyn hefur grunað og dreymt, reynt og séð. En það þarf alltaf að berjast fyrir framgangi þess.

Í allan vetur hafa prestar og djáknar Þjóðkirkjunnar verið vakandi fyrir andlegum þörfum fólks í þrengingunum. Jafnframt hafa söfnuðir landsins brugðist við með þeim stuðningi og sálgæslu sem er á þeirra færi. Prestar, djáknar og söfnuðir eru víða í samstarfi við opinbera aðila, félagslegar stofnanir og þjónustu af ýmsum toga sem hefur með velferð fólks að gera. Víða hefur kirkjan reyndar haft forgöngu um að opna samstarfsvettvang hinna ólíku aðila í þessum efnunum. Kirkjur og safnaðarheimili eru víða opin til samverustunda og fyrirbæna, kyrrðarstundir eru víða í kirkjum landsins á virkum dögum, foreldrastarf og opin hús, sem og fjölbreytt helgihald. Í á annað hundrað starfsstöðvum um land allt standa þjónar kirkjunnar vaktina. Bæn, boðun og þjónusta kirkjunnar skiptir miklu máli og sjaldan mikilvægari en einmitt nú.

Á vef kirkjunnar, *trú.is*, eru upplýsingar um kirkjustarf í söfnuðum landsins, og mikilvægt að þær upplýsingar séu ávallt uppfærðar. Við verðum að vera duglegri en nokkru sinni að minna á það góða starf og mikilvægu þjónustu sem innt er af hendi í kirkjum landsins.

Lagt hefur verið kapp á að nýta þá fjölmiðla og upplýsingaveitur sem virkastar eru í samtíðinni, svo sem „Facebook,“ til að koma boðskap kirkjunnar á framfæri. Ég vek athygli á athygliverðu verkefni sem eru örmyndbönd, sem auðvelt er að dreifa út um hin ýmsu rásir veraldarvefsins. Eins skal minnt á Vefsjónvarp kirkjunnar. Ég leyfi mér að nefna sérstaklega hér verk þeirra Elínar Elísabetar Jóhannsdóttur og séra Árna Svans Daníelssonar að því að nýta þessa farvegi boðunar af ótrúlegri hugmyndaauðgi og krafti.

Á vefnum, *trú.is*, er haldið saman því sem vígðir þjónar og guðfræðingar kirkjunnar hafa til málanna að leggja út frá forsendum guðfræði og siðfræði kristninnar. Það er dýrmætt að sjá þá miklu grósku. Þetta hefur vakið athygli. Ég þakka þeim guðfræðingum sem hafa verið virkir í opinberri umræðu nú í vetur. Ég þakka Ævari Kjartanssyni, cand. theol. sem hefur um árabíl haldið uppi umræðuþáttum um trú og sið í Ríkisútvarpinu sem hafa skipti miklu máli. Ég þakka Þjóðmálanefnd fyrir að beita sér fyrir málþingum þar sem margir komu og lögðu visku og þekkingu að mörkum umræðunnar. Það er vert að halda þessu til haga, þó að sannarlega megi deila um það hve rómsterk hin spámannlega rödd hefur verið. Þar getum við hvert og eitt horft í okkar eigin barm, prédikarar, boðendur, fræðimenn, hirðar og leiðtogar kirkjunnar.

Ég þakka þeim mörgu sem leggja sig fram um að liðsinna fólki í erfiðleikum, þar má minna á Hjálparstarf kirkjunnar, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, þar sem unnið er mikið og óeigingjarnt starf, sem og á vegum hinna fjölmörgu líknarsamtaka í landinu.

Sóknarnefndum hefur verið skrifað og varað við lækkun tekjustofna kirkjunnar og niðurskurði á sóknargjöldum og þær hvattar til að fara varlega í fjárfestingum. Mikilvægt er að hefja engar nýframkvæmdir og fresta meiriháttar viðhaldsverkefnum, nema því allra nauðsynlegasta. Þó er brýnt að leitast við eftir megni að halda grunnþjónustunni óskertri! Síst má skera niður í barna- og unglíngastarfi sóknanna eða kærleiksþjónustu, sem hljóta að vera forgangsverkefni á þessum tímum.

Eins vil ég hvetja prófastsdæmin til að tryggja sérstaklega að haldið sé úti grunnþjónustu við börn og unglinga og foreldra ungra barna yfir sumartímann. Sumarlokanir starfsins eru afleit skilaboð.

Hvað er kirkjan að gera í kreppunni? Að biðja, boða og þjóna! Í 62. kafla Jesaja segir Drottinn við Lýð sinn: „Ég setti varðmenn á múra þína, Jerúsalem, þeir mega aldrei þagna, hvorki dag né nótt. Þér, sem eigið að minna Drottin á, unnið yður engrar hvíldar.“ (Jes. 62.6) Tökum eftir þessu: „Þér sem eigið að minna Drottin á!“ Það er fyrirbænin, glíman við Guð, ákallið, hrópin, fyrir munn hinna mörgu. Þar megum við ekki unna okkur neinnar hvíldar, varðmenn Drottins!

Guðsþjónusta helgidagsins, og bænaiðkun og athöfn hversdagsins er áminning til samfélagsins um návist Guðs og lækning, fyrirgefningu og von. En hún er líka að minna Guð á! Klukknahljómurinn helgar landið, dagsins ys og götunnar glaum, en er líka það að minna Guð á að við erum lýður hans og gæsluhjörð, sem hann hefur heitið að leiða.

Við horfum fram á langvinna erfiðleika á Íslandi. Löng leið er framundan, brött og erfið, þolgæðis er þörf og þrautsegu til að endast.

Hjarta okkar, fyrirbæn og umhyggja á að vera hjá fólkinu í landinu. Fólkinu sem missir vinnu, fólki sem sér eignir sínar brenna upp, fólki sem sér höfuðstól skulda sinna vaxa og vaxa, fólki sem finnst fokið í skjólin. Okkar er að minna á það, minna Drottin á það, bera andvörp þess og áhyggjur fram fyrir Guð. Það er sérstakt hlutverk prestsins, til þess eru prestar fráteknir umfram allt, að bera aðra fram fyrir auglit Guðs. Sem varðmenn, sem standa vörð um lífið.

### **Hjálparstarf kirkjunnar og kærleiksþjónusta safnaðanna**

Hjálparstarf kirkjunnar hefur staðið í eldlínunni og reynst ómetanlegt verkfæri kærleiksþjónustu kirkjunnar. Ég vil í nafni kirkjunnar þakka það og því góða og dugmikla fólki sem þar er í forystu og að störfum. Fagmennska í vinnubrögðum öllum, þekking, yfirsýn og færni starfsfólksins, sem og tryggt bakland, hefur skapað Hjálparstarfinu mikið traust í samfélaginu. Álagið á Hjálparstarfið hefur aldrei verið meira en nú. Hjálparbeiðnum fjölgar stöðugt eftir því sem fleiri missa atvinnuna. Þegar skoðaðar eru tölur frá Hjálparstarfi kirkjunnar kemur í ljós að af þeim sem sækja um aðstoð fjölgar mest í yngsta aldurshópnum.

Framlög sókna og ýmissa félagasamtaka og fyrirtækja hafa verið með mesta móti í vetur, og fleiri sjálfbóðaliðar hafa komið til liðs. Sóknir og prófastsdæmi hafa veitt 12 milljónum króna til Hjálparstarfsins á þessu starfsári. Yfir 50 sóknir svöruðu þannig ákalli Hjálparstarfsins í október s.l. til sókna og prófastsdæma að bregðast við efnahagsástandinu. Í kjölfar efnahagsþrenginganna hefur Hjálparstarfið átt meira og nánara samstarf við presta, sóknir og prófastsdæmi en löngum áður. Þetta skal þakkað heilshugar.

Við þurfum að standa vel við bakið á Hjálparstarfi kirkjunnar. Það hefur verið afar gleðilegt að sjá hve prestar og sóknirnar hafa brugðist vel við beiðnum Hjálparstarfsins í vetur. Við prestar ættum síst að gleyma því að það var synodus sem fyrst ályktaði um stofnun hjálparstarfs á vegum kirkjunnar og prestar skuldbundu sig til að leggja 1% af

launum sínum til þarfa stofnunarinnar. Þetta var árið 1969, fyrir réttum 40 árum. Þá voru hugsjónatímar, kallað var eftir stórauðinni þróunar og neyðarhjálp við fátækar þjóðir. Ríki hins vestræna heims voru hvött til að gefa 1% af þjóðartekjum til þróunarhjálp. Þarna gengu kirkjunnar þjónar fram með góðu eftirdæmi. Hjálparstarf kirkjunnar er barnið okkar! Við gleymum því ekki! Við skulum treysta vor heit að efla starf hennar og styrkja og styðja í hvívetna.

Ég vil enn hvetja presta, djákna og söfnuði kirkjunnar til að auka kærleikspjónustu á vettvangi sóknanna. Hjálparstarf kirkjunnar er ákjósanlegur farvegur þess en þarfnast styrkara stuðningsnets í grasrótinni, í söfnuðunum um landið allt. Það þarfnast fólks sem er vakandi fyrir neyð og þörf náungans. Svo verð ég að segja að mér finnst allt of fáar sóknir hafa ráðið djákna til safnaðarþjónustu, það er miður. Þörfin er svo brýn að sinna kærleikspjónustunni. Og þar megum við hvergi slá af!

### Lækningin og vonin

Kirkja, sem hefur skírnarlaugina og altarið í miðdepli iðkunar sinnar, hlýtur að láta það móta alla góða guðfræði sína og siðfræði. Þar sjáum við vilja Guðs og valdsvið, Guðs ríki.

Guðsríki birtist í því þegar við berum börnin til skírnar og tjáum þannig samhengi þess samfélags sem er fjölskyldutengslum og blóðböndum æðra og meira. Guðs ríki, vilji Guðs og valdsvið, birtist í því er við deilum með okkur af brauði altarisins og erum þannig minnt á að við sitjum öll við sama borð og ber að miðla með okkur af gjöfum lífsins. Iðkun kirkjunnar fyrir augliti Drottins við skírnarlaug og altari er samfélagsmótun og lífsefning og siðvæðing, gjöf, köllun og krafa. Það er engin tilviljun að kjarnatextar altarissakramentisins hjá Páli postula (1.Kor.11.17-26) eru settir fram þegar hann tekst á við ósiði safnaðarins í Korintu, þar sem hver og einn hrifsaði til sín án þess að gefa gaum að þeim fátæku. Helgun kristins manns, iðkun og samfélag kirkjunnar er ekki siðgæðisleg fullkomnun heldur helgun fólks sem er að læra að óttast ekki hvert annað heldur treysta, fyrirgefa, elska, og ekki síst, *að gefa af sér* öðrum til góðs. Við höldum ekki uppteknum hætti við borðhald okkar eða lífern, með réttindin og kröfurnar á hendur lífinu, almættinu og náunganum á hreinu, heldur erum að læra að taka tillit til hvers annars án ótta og öfundar, af auðmýkt og örlæti, fyrirgefningu og þakklæti, góðvild og gjafmildi. Þar er fólgin grundvöllur réttlætis og umhyggju. Þannig vill Guð láta ríki sitt koma og vilja sinn verða í heiminum.

Altarið í kirkjunni þinni hefur sterka siðferðislega skírskotun. Brauðið sem er brotið er eins og brauðið á borðum okkar til okkar komið vegna þess að jörðin gefur ávöxt sinn og ótal margt fólk um allan heim hefur lagt að mörkum atorku, iðjusemi, visku og útsjónarsemi, tækni og menntun. Við erum eitt, lífið er eitt. Okkur ber að virða lífið, gróður jarðar og iðju manna og vera fús að deila með öðrum af því sem við eigum.

Sakramentin, skírni og kvöldmáltíð, eru farvegur sjálfsþekkingar, staðsetningartæki og stefnuvitar. Þessi rituöl eru ekki eitthvað við hlið félagslegrar virkni, kirkjulegs starfs eða guðfræðiiðkunar. Þau eru iðkun og hið virka félagsstarf kirkjunnar. Því kirkjan kennir ekki bara félagssiðfræði, heldur *er* félagssiðfræði, eins og Stanley Hauerwas segir.

## Heimilið

Á dögum var ég að skíra barn í heimahúsi. Mér varð hugsað til þess hvílk forréttindi þetta eru sem við prestar njótum, að vera boðnir inn á heimili fólks til að færa þar inn hátíð heilagrar skírnar! Og ég fann til mikillar auðmýktar og þakklætis gagnvart því. Vart er unnt að hugsa sér meiri trúnað og traust! Hvergi kemur betur í ljós köllun og hlutverk hinnar vígðu þjónustu sem postulinn orðar svo: „Ekki svo að skilja að ég vilji drottna yfir trú ykkar heldur erum við samverkamenn að gleði ykkar.“ (2. Kor.1.24). Á þeim viðkvæmu og undursamlegu krossgötum í lífi hveurrar fjölskyldu, þegar nýr einstaklingur er í heiminn kominn, er kirkjunnar þjónn til kvaddur að tjá gleðina, vonina, fögnuðinn, fyrirbænina, kærleikann og trúna með þeirri dásamlegu og dýrlegu hátíð sem barnsskírinn er. Hvar sjáum við betur en einmitt þarna að lífið og gleðin og trúin eiga samleið og eru hvert öðru háð? Þessi snertiflötur kirkju og heimila er ómetanlegur, og mikilvægt að hlynna að honum og öllum þeim öðrum tækifærum sem gefast til að styðja við helga hefð og helga iðkun á vettvangi heimilanna í landinu.

Bænin með barninu! Þar er kirkjan, rödd kirkjunnar, í lágri röddu móður eða föður, mikilvægasta embætti og iðkun kirkjunnar. Ung kona sagði mér einu sinni, að þegar hún fór að kenna barninu sínu „Ó, Jesú bróðir besti,“ hafi henni fundist hún eignast barnið að nýju. Engin móðir, ekkert barn, ætti að þurfa að fara á mis við slíka reynslu. Og við þurfum að styðja við það.

Nú er unnið að framkvæmdaáætlun fyrir trúfræðslu kirkjunnar og að gæðapróun barna- og æskulýðsstarfs og fermingarstarfanna. Með framkvæmdaáætluninni viljum við stórauka áherslu á foreldrastarf, á leiðsögn og stuðning við heimilin í uppeldi í trú og sið, að styðja þau í að segja söguna af Jesú, og að iðka bænina í hans nafni með börnunum.

Okkur ber að nota þau tækifæri sem gefast til að tala máli fjölskyldu og heimila út á við! Við þurfum að standa þétt við hlið talsmanna barnsins í samfélaginu, og þeirra sem sinna málum heimila og fjölskyldu og hjónabands. Styðja þarf með ráðum og dáð ungt fólk sem vill byggja upp sterka og heilbrigða fjölskyldu. Engin pólitísk eða efnahagsleg aðgerð myndi hafa heillavænlegri áhrif á samfélag okkar í heild og sú ef hið opinbera legði af alvöru rækt við að styrkja fjölskylduna siðferðislega og efnahagslega, styðja hjónabandið og heimilið og legði af alvöru kapp á að setja það í forgang sem þeim þáttum hlúir.

Kirkjuþing hefur markað stefnu um eflingu **Fjölskylduþjónustu kirkjunnar**. Með því er þess vænst að kirkjan og þjónar hennar geti enn betur sinnt því hlutverki að vera talsmaður fjölskyldunnar.

Rannsóknir hafa sýnt að einhver besta forvörnin í geðheilbrigðismálum er að styrkja unga foreldra til að takast á við foreldrahlutverkið. Tilfinningaþroski barns mótast af samskiptum foreldra við það fyrstu árin. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu er hæsta tíðni sambúðarslita á Íslandi á fyrstu árum eftir barnsburð og nær hámarki um eins árs aldurs barnsins. Rannsóknir sýna fram á að feður eru óöryggir í sínu fyrsta foreldrahlutverki og þurfa stuðning og fræðslu til að takast á við öryggisleysið og axla ábyrgð á uppeldi barna sinna.

Mörg hjónabönd standast ekki þær væntingar sem fólk gerir. Sálgæsla og leiðsögn presta gegnir afar mikilvægu hlutverki þegar unnið er að lausn sambúðarerfiðleika og deilna. Hinum vígða þjóni er dýrmætt að eiga faglegan bakhjarl og stuðning í Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Mikilvægt er að þáttur handleiðslunnar verði eflur enn.

## Togstreitan

Iðulega er togstreita milli vígsluheita prests og djákna og hjónavígslunnar, milli mæðra okkar og móður vor kirkjunnar, milli fjölskyldu okkar og fjölskyldu Guðs. Það eru fórnir sem fjölskylda hins vígða þjóns verður að færa vegna hans. Út af fyrir sig er það ekkert sérstakt fyrir hina vígðu stétt, allir foreldrar leggja byrðar á herðar börnum sínum vegna þeirra gilda og lífsstefnu sem þeir hafa valið sér og köllunar sem þeir hafa þegið. Þó er grafalvarlegt þegar álag og annir þjónustunnar verða til þess að við vanrækjum maka og fjölskyldur. Auk þess persónulega sársauka sem það veldur, þá er það vís leið til kulnunar í starfi. Starf og staða prestsins leggur oft miklar byrðar á prestsbörnin. Við getum seint varið þau fyrir því, en er mikilvægt að gefa þeim byrðum gaum. Endurmat og forgangsröðun er hverjum manni nauðsynleg með reglubundu millibili. Þess vegna ekki síst er handleiðslan svo mikilvæg. Það er afar dýrmætt hve margir prestar nýta sér hana. Við þyrftum að geta boðið upp á stuðning við prestsmaka og börn! Ef til vill gæti eflað Fjölskylduþjónusta kirkjunnar sett það á dagskrá?

Hverjum vígðum þjóni er mikilvægt að muna að bænaiðkun, trúarlíf og guðsþjónusta helgidagsins er ekki vinna, heldur lífsmáti sem presturinn, já og djákninn, er kallaður til að iðka og laða aðra að. Láttu það viðhorf móta þig og fjölskyldu þína. Iðkun trúarlífsins er ekki valkostur fyrir prestinn, fremur en það að vökva blómin er valkostur eigi þau að lifa. Mótun trúarlífs, ræktun gleðinnar í trúnni og heilbrigðrar sjálfsmyndar á sér stað á heimilinu og í kirkjunni, andspænis skylduverkum og aðstæðum hversdagsins, og í helgidóminum. Flóknasta – og verðugasta - viðfangsefnið er að samþætta þetta. Eins og Páll postuli segir: „Í öllu læt ég sjást að ég er þjónn Guðs.“ (2. Kor.6.4)

Svo vil ég lyfta fram og þakka þá staðreynd að fáar stéttir njóta eins góðra kjara varðandi tækifæri til framhaldsnáms og símenntunar og prestar. Gleðilegt er hve duglegir prestar eru að notfæra sér það. Vegna þess á kirkjan nú á að skipa öflugum hópi kennimanna með fjölbreytta viðbótarmenntun.

## Sárin og sorgin

Heimilisofbeldi er skelfilegt böll í íslensku þjóðfélagi. Ofbeldi gegn konum og börnum, kynferðisofbeldi og misbeiting af ýmsum toga virðist hafa aukist óhugnanlega. Ég bið presta og djákna að gefa sérstakan gaum að og halda vel vöku sinni gagnvart þessari samfélagsvá.

Kirkjan er aðili að stefnumörkun alþjóða kirkjusamtaka um virka mótspyrnu gegn kynbundnu ofbeldi. Kirkjan á ekki að sýna neitt umburðarlyndi í þessum efnum! Biskupsstofa stóð fyrir því að rit lútherska heimssambandsins, „*Kirkjan segir Nei við ofbeldi gegn konum*,“ var þýtt og gefið út og kynnt um land allt. Ég mæli með því að prestar kynni sér þetta rit og kynni það í söfnuðum sínum. Þetta er verkefni sem verður ávallt að vera á dagskrá.

Síðareglur Prestafélags Íslands geyma ákvæði um kynferðislega áreitni. Kirkjubing hefur sett starfsreglur um meðferð kynferðisbrotamála í kirkjunni. Settar hafa verið síðareglur og heilræði fyrir starfsfólk í barna- og æskulýðsstarfi. Við verðum að taka mark á þessu og fylgja eftir í starfi kirkjunnar! Þessa dagana er verið að ljúka gerð bæklinga sem unninn er af starfshópi á vegum Þjóðkirkjunnar og annarra kristinna



trúfélaga sem vill leggja sitt að mörkum til að vinna gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er s.s. kynferðisáreitni og misnotkun.

Ég leyfi mér að rifja upp að á Kristnihátíð á Þingvöllum var gengin iðrunarganga að Drekkingarhyl og bænar beðið um fyrirgefningu fyrir þau afbrot og sár sem kirkjan hefur átt hlut að í áranna rás. Ég hef litið á viðleitni okkar, svo ófullkomin sem hún er, sem eins konar yfirbót. Að við viljum læra af sárri reynslu með því að hafa þessi mál á dagskrá kirkjunnar, reyna að bæta starfshætti og stuðla að breyttum viðhorfum varðandi kynbundið ofbeldi í kirkju og samfélagi.

Ég bið þær konur og börn, sem brotið hefur verið á af hálfu starfsmanna og þjóna kirkjunnar fyrirgefningar á þeirri þjáningu og sársauka sem þau hafa liðið.

### **Nýir tímar**

Nýir tímar blasa við með nýjar áskoranir og kröfur og fátt verður eins og áður var. Staða og ytri aðstæður kirkjunnar breytast. Prestastefna mun fjalla um ýmsar þær áskoranir sem nýir tímar eru kirkjunni. Við leitumst við að varpa ljósi á tímuna sem við lifum í, á stöðu Þjóðkirkjunnar í menningu og samfélagi, lagaumhverfi og aðstæður. Hér verður fjallað um þjónustu kirkjunnar með umræðu um samþykktir um innri mál kirkjunnar, sem hér eru á dagskrá, og stefnumótun heildarskipanar þjónustunnar sem hér verður rædd. Allt er að breytast, en köllun kirkjunnar er æ hin sama.

Kirkjan er stofnun, með fjárhag, áætlanir, embætti og byggingar, starfsfólk og stjórnkerfi, já og þakleka og steypuskemmdir, samstarfserfiðleika, meting, deilur og átök um stefnur og áherslur, persónur. Vígðir þjónar kirkjunnar eru ekki betri manneskjur en aðrir, hafa ekki skýrari sýn á veruleikann en aðrir, þekkja ekki lausnirnar í krafti einhvers guðlegs innsæis eða siðferðilegra yfirburða. Þegar menn gera tilkall til slíks þá er hætta á ferðum! Það er ekki hlutverk kirkjunnar að stjórna sögunni, heldur að viðhalda voninni um það ríki, það valdsvið þar sem ljós og andi Drottins er að verki við að ummynda allt. Hennar eina og eiginlega hlutverk er að minna á að Guð er raunverulegur og veitir lífinu þá næringu og merkingu sem er ómissandi. Sú andlega næring, sem iðkun og atferli á helgum og hátíðum kirkjunnar veitir, lyftir sál og anda til þess sem fagurt er, satt og rétt, og glædir kærleika, umhyggju og von, lækna og leysir. Það gerist sjaldnast undir kastljósum fjölmiðlanna. En það er von og viðhorf sem gerir ætíð ráð fyrir kraftaverkum, kraftaverkum umhyggjunnar, kraftaverkum kærleikans þegar hann brýst í gegn með birtu sína og frið.

Nú um jólin kom út stórmerk bók eftir Árna Bergmann og nefnist „Glíman við Guð.“ Þar vitnar hann í Karl Barth sem fjallar um guðleysi Vesturlanda síns tíma: „Það guðleysi, segir Barth, sem er hinn raunverulegi óvinur er „kristni“ þeirra manna sem játa trú á Guð eins og hverjum öðrum sjálfsögðum hlut en lifa í hugsun og athöfn eins og enginn Guð sé til. Þar með er Guð orðinn eins og gömul mubla sem eigandinn vill ekki losa sig við en hefur engin not fyrir, eða réttara sagt: gætir þess vel að nota ekki því það gæti verið óþægilegt, ef ekki hættulegt“. Sömu hugsun setur Nóbelskálidið þýska, Heinrich Böll fram í skáldsögu sem segir frá heimkomu landflótta manns til Þýskalands eftir stríð. En hann spyr: „Fyrst þið trúðið á hann (þas Krist) hvers vegna gjörði þið ekki sem hann bauð ykkur?“

- Þetta er spurning til okkar allra Guðs þjóna, allra kristinna manna.

Þegar allt kemur til alls þá þekktist kirkjan af því fólki sem hún samanstendur af, af heilindum þess í viðleitninni að lifa samkvæmt fagnaðarerindinu. Ef við, vígðir þjónar hennar, berum þess ekki vott dregur heimurinn réttilega þá ályktun að okkar guð sé ekki sannur Guð. „Sá listamaður sem á að mála lífsferil Krists verður að lifa með Kristi“ sagði listamaðurinn, Fra Angelico. Við vígðir þjónar kirkjunnar erum sett til að mála lífsferil Krists og laða að honum. Enginn kveikir í öðrum ef hann logar ekki sjálfur. Enginn hitar öðrum sem er kaldur sjálfur.

Látum orð okkar og boðun vera borin uppi af elsku til Krists, af umhyggju hans og náð. Ekkert er eins smitandi og lífsefandi og einmitt það.

Franski rithöfundurinn, Antoine de Saint-Exupéry, höfundur bókarinnar um litla prinsinn, sagði: „Ef þú vilt smíða skip safnaðu þá ekki saman fólki til að kaupa við, kallaðu það ekki til að finna verkfæri, og settu því ekki fyrir verkefni, kenndu því frekar og blástu því í brjóst þrá eftir ægifegurð hafsins!“

Já, góðu systkin, gerum það. Gerum það öll, núna!

*Prestastefna 2009 er sett. Friður Drottins sé með oss öllum.*